

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarbyggðar í Hraunsholti eystra (Hólar og Fitjar) í Garðabæ.

Mörk deiliskipulagssvæðisins eru eftirfarandi: Frá Engidal meðfram Hafnarfjarðarvegi að austanverðu að Hraunsholtslæk, yfir lækinn að húsi nr. 5 við Ásgarð, þá austan við nýja götu Garðfit að göngustíg á móts við hús nr. 5 við nýja götu Túnfit, þá austan við lóðamörk húsa að austanverðu við Hraunhóla og síðan suður og vestur fyrir lóðarmörk Hraunhóla nr. 6 í Engidal.

Deiliskipulagið nær til eldri lóða sem eru 58 sem eru að mestu einbýlishús og 40 nýrra lóða sem eru 27 einbýlishúsalóðir og 13 raðhúsalóðir. Lóðamörk og aðkoma breytast á nokkrum eldri lóðum.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. september 2006 og tekur hér með gildi. Deiliskipulagið fellir úr gildi eldra deiliskipulag „Hluti úr Garðahreppi“ sem samþykkt var 22. apríl 1955.

Garðabæ, 27. júní 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2007